

Nd.

50. Frumvarp

til laga um búpeningsskoðun og heyásetning.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Hreppstjórar skulu á hausthreppskilum ár hvert annast um, að kosnir séu 2—4 menn til þess að skoða búpening hreppsþúa og hafa eftirlit með fódur-
birgðum þeirra og heyásetningi.

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningu til hreppsnefndar.

2. gr.

Skoðunarmenn, er getur um í 1. gr., skulu fara tvær skoðunar- og eftirlitsferðir um hreppið. Fyrri skoðunarferðin skal gjörð á tímabilinu frá 20.

oktbr. til 30. nóvbr., en hin seinni frá 1. apríl til 15. maí. Hreppsnefnd ákveður nánara hvenær á þessum tímabilum skoðanirnar skuli fram fara.

Í fyrri skoðuninni skulu skoðunarmenn skyldir til að líta eftir heybirgðum hreppsbúa og áminna þá um að ætla öllum fénaði, er þeir setja á vetur, nóg fóður, og leiðbeina þeim í öllu, er lýtur að heyásetningi. Í seinni skoðunarferðinni skulu skoðunarmenn athuga um, hvað heybirgðum búenda liður og líta eftir allri meðferð búpenings. Verði þeir þess þá varir, að fénaður einhvers í hreppnum sé illa hirtur eða vanfóðraður, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

3. gr.

Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellið búinn vegna fódurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu þeir brýna fyrir honum þá ábyrgð, er hann baki sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Jafnframt skulu þeir, með ráði beztu manna í hreppnum, gjöra ráðstafanir til að bætt verði úr fódurskortinum eða vanhvirðingunni á kostnað þess, sem hlut á að máli.

4. gr.

Nú verður fénaður horaður eða fellur úr hor, og er að álitu skoðunarmanna um að kenna fódurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fénaðinn hefir undir hendi, og skal þá tafarlaust skýra hreppstjóra frá því, en hann tilkynnir það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum. Tekur hann þá málið fyrir, og skal sá, sem sekur er, sæta sektum 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð, eða einföldu fangelsi.

5. gr.

Skoðunarmenn skulu að aflokinni seinni skoðunarferð sinni senda hreppstjóra skýrslu um skoðanirnar. Í skýrslunni skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir hirðingu og alla meðferð búpeningsins. Hreppstjóri skal halda bók, er hann ritar í skýrslur skoðunarmanna; en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefnd til eftirlits og athugunar. Skýrslur þessar skal hreppstjóri lesa upp á vorhreppskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið semur.

6. gr.

Fyrir skoðunargerðir þær, sem ræðir um í lögum þessum, skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsbúa, alt að 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðun. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Sýslumaður skal á manntalsþingum grenslast nákvæmlega eftir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framin gegn þeim.

8. gr.

Undanþegin ákvæðum 1. og 2. greinar þessara laga, að því er hinar fyrirskipuðu búpeningsskoðanir snertir, eru þau hreppsfélög, er komið hafa á hjá sér löggilttri samþykkt um heyásetningseftirlit, samkvæmt lögum um samþykktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr, á meðan slík samþykkt er í gildi.

9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem almenn lögglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 9. febrúarmán. 1900 um horfelli á skepnum o. fl.